

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



BÚSETUSKILYRÐI UNGS FÓLKS ***Helstu niðurstöður netkönnunar***

Desember 2015

Höfundur

Hjalti Jóhannesson

R15-010 -KAN

© RHA-Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri 2015

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-17-2015

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

***Skýrsla unnin fyrir
Landsbyggðin lifi***

EFNISYFIRLIT

1.	HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	3
3.	UM KÖNNUNINA.....	4
4.	BÚSETA.....	5
5.	MIKILVÆGI ÞJÓNUSTUÞÁTTA.....	6
6.	ÁFORM UM BÚFERLAFLUTNINGA OG BÚSETUÓSKIR.....	8
7.	ATVINNUMÁL.....	10
8.	VIÐAUKI. SPURNINGALISTI KÖNNUNARINNAR OG KYNNINGARBRÉF	13

MYNDIR OG TÖFLUR

Mynd 1. Búseta eftir landshlutum	5
Mynd 2. Hversu nálægt þér er mikilvægt fyrir þig að hafa eftirfarandi þjónustu?.....	6
Mynd 3. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú munir á næstu tveimur árum flytjast burt frá þeim stað þar sem þú býrð nú?	8
Mynd 5. Nefndu þrjú atriði sem helst ráða því hvar þú vilt búa? (1. er mikilvægast og 3. síst mikilvægt). Raðað eftir því sem var talið mikilvægast.	9
Mynd 6. Hversu mikilvægt finnst þér eftirfarandi í tengslum við atvinnumál almennt á þeim stað þar sem þú vilt búa?.....	10
Mynd 7. Staða á vinnumarkaði.....	11
Mynd 8. Í hvaða atvinnugrein er aðalstarf þitt?.....	11
Mynd 9. Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?.....	12
Tafla 1. Hver af eftirfarandi staðsetningum myndi höfða best og síður til þín með tilliti til framtíðarbúsetu? (1 er í fyrsta sæti og 5 í því síðasta)	8

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Fram fór netkönnun og leitaði Landsbyggðin lífi að netföngum fólks 18-35 ára, 338 svöruðu að hluta eða í heild eða 61%. Miðað við landshlutaskiptingu þjuggu flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 35% og miðað við byggðarstig þjuggu um þrjú fjórðu í þéttbýli. Stærsti hlutinn eða um 40% hafði lokið háskólaprófi. Konur voru 69% svarenda.

Talsverð krafa virðist um gott aðgengi að sem flestri þjónustu og þéttbýlisbúar svöruðu mun oftast um flesta þjónustubætti að þeir vildu hafa þjónustuna á staðnum eða í hverfinu.

Áhersla er á að hafa ljósleiðaratengingu, leik- og grunnskóla í næsta nágrenni, svo og margvíslega verslun, líkamsrækt og afþreyingu. Síður er gerð krafa um að hafa nálægt „sjaldgæfari“ þjónustu s.s. háskóla, menningar- eða tónlistarhús, verslunarmiðstöð, bíó eða leikhús.

Atvinnumál virðast helst ráða því hvar viðkomandi vill búa. Framboð á sérfræðistörfum fyrir háskólamenntaða og þjónustustörf eru fólki ofarlega í huga, svo og framboð vel launaðra starfa almennt.

Rúm 40% töldu ólíklegt að þeir myndu flytja búferlum á næstu tveimur árum. Svarendur vilja hafa fjölbreytta valkosti þegar kemur að framtíðarbúsetuvali. Þegar þeir voru beðnir um að forgangsraða mismunandi tegundum búsetuvalkosta skar enginn valkostur sig verulega úr. Miðað við óskir um aðgengi að þjónustu og framboði starfa af ákveðnum toga má þó álykta sem svo að búseta í eða í næsta nágrenni þéttbýlis hugnist flestum.


3. UM KÖNNUNINA

Könnun þessi er unnin fyrir og í samstarfi við samtökin Landsbyggðin lífi en Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið styrkti samtökin til verksins. Markmiðið var að afla gagna um viðhorf ungs fólks til búsetuskilyrða almennt. Spurningalisti var saminn af sérfræðingum RHA í samráði við forsvarsmenn samtakanna og ákveðið að framkvæma netkönnun. Landsbyggðin lífi sá um að afla netfanga fyrir könnunina í gegnum tengslanet sitt og fengið var samþykki viðkomandi við því að senda könnun á uppgefið netfang. Við öflun netfanga var miðað við að viðkomandi væri á aldrinum 18-35 ára og búsett/ur á landsbyggðinni eða hefði rætur þar. Fékk RHA í hendur lista með 561 netfangi og var könnunin send út 9. desember 2015 á þau. Níu netföng reyndust ekki vera rétt skráð eða voru óvirk þannig að endanlegt úrtak reyndist vera 552. Könnunin var ítrekuð þrisvar. Alls opnuðu 460 manns tölvupóstinn. 338 svöruðu könnuninni að hluta til eða í heild þannig að svarhlutfall telst vera 61,2%. Meðalaldur svarenda var 28 ár en kynjahlutfallið var mjög skakkt þar sem 69% þeirra sem svöruðu könnuninni voru konur en við höfum ekki upplýsingar um kynjahlutfall þeirra sem samþykktu að gefa upp netfang sitt fyrir könnunina. Tveir þriðju svarenda voru giftir eða í sambúð.

Af hálfu RHA sá Hjalti Jóhannesson aðallega um framkvæmdina. Skýrsla sú sem hér fer á eftir inniheldur samantekt á helstu niðurstöðum könnunarinnar en ekki var gert ráð fyrir að þær væru settar í fræðilegt samhengi á þessu stigi.

4. BÚSETA

Spurt var um búsetu, annars vegar eftir landshlutum¹ og hins vegar eftir dreifbýli/þéttbýli.



Mynd 1. Búseta eftir landshlutum

Flestir svarenda bjuggu á höfuðborgarsvæðinu, eða rúmlega þriðjungur samanber myndina að ofan en þessi búsetudreifing sem þar birtist endurspeglar ekki raunverulega búsetu landsmanna enda var það ekki markmið könnunarinnar². Einnig var spurt hvort viðkomandi byggi í dreifbýli eða þéttbýli (að eigin mati) og kom fram að tæplega en til samanburðar búa um 11% landsmanna í skilgreindu dreifbýli³, þar af 5% í sveit.


¹ Sömu landshlutaskiptingu og Hagstofa Íslands notast við.

² Hátt hlutfall svarenda á höfuðborgarsvæðinu skýrist líklega að hluta til af nemendum frá landsbyggðinni í skólum þar og öðrum sem í lengst hafa þar, t.d. að námi loknu en eiga rætur á landsbyggð.

³ 6,3% búa í „dreifbýli“ skv. vef Hagstofunnar 2015 (byggðakjarnar með færri en 200 íbúar og í „öðru dreifbýli“, þ.e. sveit, búa 5% landsmanna.

5. MIKILVÆGI ÞJÓNUSTUÞÁTTA

Spurt var „Hversu nálægt þér er mikilvægt fyrir þig að hafa eftirfarandi þjónustu? (vegalengdir eru grófar viðmiðanir)“. Myndin hér að neðan sýnir niðurstöður svaranna.




Mynd 2. Hversu nálægt þér er mikilvægt fyrir þig að hafa eftirfarandi þjónustu?

Fyrir meiri hluta þjónustupáttá gildir að stór hluti svarenda vill hafa þjónustuna á staðnum eða í hverfinu sem þeir búa. Áberandi er áhersla á að hafa ljósleiðaratenginu og er það í samræmi við ýmsar nýlegar rannsóknir að þetta sé orðið á meðal mikilvægustu þátta búsetuskilyrða. Þá kemur ekki á óvart áhersla svarenda á að hafa leik- og grunnskóla í næsta nágrenni, svo og margvíslega verslun, líkamsrækt og afþreyingu. Það sem fólk gerir síður kröfu um að sé nálægt sér eru „sjaldgæfari“ þjónustupættir s.s. háskóli, menningar- eða tónlistarhús, verslunarmiðstöð, bíó eða leikhús. Almennt séð virðist talsverð krafa vera meðal svarenda um gott aðgengi að sem flestri þjónustu. Þetta gerir þá væntanlega búsetu í eða í næsta nágrenni við (stærra) þéttbýli ákjósanlegri. Enda kom í ljós að þeir sem búa í þéttbýli svöruðu mun oft um flesta þjónustupætti að þeir vildu hafa þjónustuna á staðnum eða í hverfinu þar sem viðkomandi býr.

6. ÁFORM UM BÚFERLAFLUTNINGA OG BÚSETUÓSKIR

Spurt var hvort viðkomandi teldi líklegt að hann eða hún myndi flytja á næstu tveimur árum burt frá núverandi stað.



Mynd 3. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú munir á næstu tveimur árum flytjast burt frá þeim stað þar sem þú býrð nú?

Rúmlega 40% svarenda taldi mjög eða frekar ólíklegt að þeir myndu flytja búferlum á næstu tveimur árum en sá aldur sem könnunin beindist að er allajafna mest hreyfanlegi hluti mannfjöldans.


Tafla 1. Hver af eftirfarandi staðsetningum myndi höfða best og síður til þín með tilliti til framtíðarbúsetu? (1 er í fyrsta sæti og 5 í því síðasta)

	Forgangsröðun 1-5 (meðaltal)
Annað þéttbýli innanlands	2,84
Höfuðborgarsvæðið	2,89
Akureyri	2,97
Útlönd	3,02
Sveit innanlands	3,25

Athyglisvert er hve jöfn dreifing valkostanna reyndist vera. Sveit innanlands virðist þó lenda oftast í neðri sætum og vera sísti valkosturinn fyrir framtíðarbúsetu en munurinn er afar lítill og ekki hægt að draga of miklar ályktanir af því. Segja má að megin niðurstaða spurningarinnar sé sú að svarendur vilji hafa fjölbreytta valkosti þegar kemur að framtíðarbúsetuvali.

Þá var spurt að því sem helst ræður því hvar viðkomandi vildi búa. Þetta var opin spurning og voru svörin flokkuð í 10 flokka eftir því hvað var oftast nefnt, samanber

niðurstöður á næstu mynd. Ekki kemur á óvart að atvinnumál eru langmikilvægasta atriðið í huga flestra sem svöruðu þessari spurningu. Í opnu svörunum var minnst á fjölbreytni starfa, tekjumöguleika og fleira, en nánar verður komið inn á þessa þætti í kafla um atvinnumál. Einnig eru staðsetning fjölskyldu og vina, umhverfismál⁴, framboð á menntun og þjónustu algengir áhrifaþættir hvað varðar búsetuval. Nokkrir nefndu sérstaklega að nálægð við Reykjavík skipti máli um búsetu þeirra og var því ákveðið að sýna það. Sum atriði sem nefnd voru virtust afar óljós eða ekki snerta viðfangsefni könnunarinnar yfir höfuð.




Mynd 4. Nefndu þrjú atriði sem helst ráða því hvar þú vilt búa? (1. er mikilvægast og 3. síst mikilvægt). Raðað eftir því sem var talið mikilvægast.

⁴ Hér var bæði átt við manngert umhverfi s.s. hversu öruggt það er og barnvænt, svo og hið náttúrulega.


7. ATVINNUMÁL

Þess var fyrirfram vænst að atvinnumál væru einna mikilvægust fyrir búsetu ungs fólks enda hefur það m.a. komið fram í viðamiklum könnunum um búsetuóskir og búferlaflutninga. Mynd 4 hér að framan staðfesti þetta og sýndi opin svör við því hvað helst ræður búsetu og hún leiddi í ljós að það var atvinnan sem var efst í huga svarenda. Spurt var hvað það væri í tengslum við atvinnumálin sem fólki þætti mikilvægast á þeim stað þar sem viðkomandi vildi búa. Eins og sjá má á niðurstöðunum hér að neðan er allt sem spurt er um mikilvægt að mati svarenda. Það er þó ljóst að framboð á sérfræðistörfum fyrir háskólamenntaða og þjónustustörf sem eru fólki ofarlega í huga svo og framboð vel launaðra starfa almennt.




Mynd 5. Hversu mikilvægt finnst þér eftirfarandi í tengslum við atvinnumál almennt á þeim stað þar sem þú vilt búa?

Flestir svarendur voru í námi eða í fullu starfi og rúmlega fimmti hver var í hlutastarfi eins og sjá má á næstu mynd.




Mynd 6. Staða á vinnumarkaði

Þeir sem voru í starfi voru spurðir í hvaða atvinnugrein það væri og kom eftirfarandi skipting fram og eru störf í margvíslegum þjónustugreinum áberandi. Áherslu á mikilvægi sérfræðistarfa fyrir háskólamenntaða og þjónustustarfa á þeim stað sem svarendur vilja búa á skyldi hafa í huga í þessum sambandi (Mynd 5).



Mynd 7. Í hvaða atvinnugrein er aðalstarf þitt?

Spurt var um menntun þátttakenda og kom fram að tæp 40% höfðu lokið háskólaprófi. Rúmlega fjórðungur hefur lokið stúdentsprófi og 16% hefur iðnpróf eða önnur starfsréttindi á framhaldsskólastigi. Þannig er menntunarstig hópsins mun hærra en landsmanna að jafnaði en samkvæmt manntali Hagstofunnar 2011 eru um 20% landsmanna með háskólamenntun en hafa ber í huga að þessi könnun beindist að ungu fólki og menntunarstig þjóðarinnar er að hækka.



Mynd 8. Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?

8. VIÐAUKI. SPURNINGALISTI KÖNNUNARINNAR OG KYNNINGARBRÉF

Landsbyggðin lífi - viðhorf unga fólksins

Um könnunina

Ágæti viðtakandi.

Könnun þessi er framkvæmd af RHA - Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri fyrir grasrótarsamtökin Landsbyggðin lífi, hreyfingu fólks á Íslandi sem vill efla byggð um land allt.

Könnunin fer einkum fram meðal ungs fólks á aldrinum 18-35 ára og er markmið hennar að athuga hvað það er í búsetuskilyrðum sem höfðar mest til þessa hóps. Niðurstöður munu samtökin nota í starfi sínu við að bæta búsetuskilyrði víðsvegar um land.

Meðlimir samtakanna Landsbyggðin lífi sáu um að safna netföngum fólks til að taka þátt í könnuninni. Rétt er að benda á að þér er ekki skylt að svara könnuninni, hvorki að hluta til né í heild. Svör þín eru hins vegar afar vel þegin til að marktækni könnunarinnar verði sem mest og að góðar upplýsingar fáiast. Tryggt verður að ekki sé unnt að rekja svör til einstakra þátttakenda.

Ef þú hefur einhverja athugasemdir við könnunina og framkvæmd hennar þá vinsamlegast hafðu samband við Hjalta Jóhannesson, landfræðing og sérfræðing hjá Rannsóknamiðstöð HA; hjalti@unak.is eða í síma 460-8903.

Búseta þín

1. Í hvaða landshluta býrðu?

- Höfuðborgarsvæðinu
- Vesturlandi
- Vestfjörðum
- Norðurlandi vestra
- Norðurlandi eystra
- Austurlandi
- Suðurlandi
- Suðurnesjum

2. Hvort býrðu í dreifbýli eða þéttbýli?

- Dreifbýli
- Þéttbýli

Landsbyggðin lífi - viðhorf unga fólksins

Búsetuskilyrði

3. Hversu nálægt þér er mikilvægt fyrir þig að hafa eftirfarandi þjónustu? (vegalengdir eru grófar viðmiðanir)

	Á staðnum eða hverfinu þar sem ég bý	Í næsta nágrenni (innan 30 mín. aksturs)	Í héraðinu (30-60 mín. akstursfjarlægð)	Í landshlutanum (meira en 60 mín. akstur)	Í öðrum landshluta/á höfuðborgarsvæðinu	Ekki mikilvægt að hafa þjónustuna yfirleitt
Leikskóli	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Grunnskóli	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Framhaldsskóli	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Háskóli	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Endurmenntunarmiðstöð	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Heilsugæsla	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Sjúkrahús	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Apótek	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Bankaútibú	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Sýslumaður	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Pósthús	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ljósnet/ljósleiðaratenging	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Sjoppa	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Bensínstöð	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Dagvöruverslun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Stórverslun/lágvöruverðsverslun	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Verslunarmiðstöð	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Vínbúð	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Veitingastaður	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Skyndibitastaður	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Almenningsbókasafn	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Líkamsrækt	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Sund	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Bió	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Leikhús	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

	Á staðnum eða hverfinu þar sem ég bý	Í næsta nágrenni (innan 30 mín. aksturs)	Í héraðinu (30-60 mín. akstursfjarlægð)	Í landshlutanum (meira en 60 mín. akstur)	Í öðrum landshluta/á höfuðborgarsvæðinu	Ekki mikilvægt að hafa þjónustuna yfirleitt
Menningarhús/tónleikahús	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Annað (hvað?)	<input type="text"/>					

Búsetuáform

4. Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú munir á næstu tveimur árum flytjast burt frá þeim stað þar sem þú býrð nú?

- Mjög líklegt
- Líklegt
- Hvorki líklegt né ólíklegt
- Ólíklegt
- Mjög ólíklegt

5. Hver af eftirfarandi staðsetningum myndi höfða best og síður til þín með tilliti til framtíðarbúsetu? (1 er í fyrsta sæti og 5 í því síðasta)

<input type="text"/>	Höfuðborgarsvæðið
<input type="text"/>	Akureyri
<input type="text"/>	Annað þéttbýli innanlands
<input type="text"/>	Sveit innanlands
<input type="text"/>	Útlönd

6. Nefndu þrjú atriði sem helst ráða því hvar þú vilt búa? (1. er mikilvægast og 3. síst mikilvægt)

1.	<input type="text"/>
2.	<input type="text"/>
3.	<input type="text"/>

Atvinnumál

7. Hversu mikilvægt finnst þér eftirfarandi í tengslum við atvinnumál almennt á þeim stað þar sem þú vilt búa?

	Mjög mikilvægt	Frekar mikilvægt	Hvorki né	Frekar léttvægt	Mjög léttvægt
Vel launuð störf í hverju sem er	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Störf í sjávarútvegi og landbúnaði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Störf í iðnaði	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Störf í þjónustu	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Sérfræðistörf fyrir háskólamenntaða	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

Annað (hvað?)

8. Hver er staða þín á vinnumarkaði? (merktu við það sem við á)

- Í fullu starfi
- Í hlutastarfi
- Í námi
- Í leyfi eða foreldraorlofi
- Í atvinnuleit eða á milli starfa
- Öryrki

Annað hvað

Atvinnugrein

9. Í hvaða atvinnugrein er aðalstarf þitt?

- Landbúnaður
- Fiskveiðar
- Matvælaframleiðsla
- Lónaður/veitur
- Verzlun og þjónusta
- Opinber þjónusta
- Fræðslustarfsemi
- Menningar- og íþróttastarfsemi

Annað og óviss; hvað?

Bakgrunnsbreytur

10. Hvað ertu gamall/gömul?

Aldur:

11. Hvort ertu karl eða kona?

Karl

Kona

12. Hver er hjúskaparstaða þín?

Gift/kvæntur / í sambúð

Einhleyp/ur

13. Hversu mörg börn á heimilinu eru undir 18 ára aldri?

Fjöldi

14. Hver er hæsta menntun sem þú hefur lokið?

Grunnskólapróf eða minna

Nám á framhaldsskólastigi, ekki lokið

Lokið stúdentsprófi

Iðnpróf eða önnur starfsréttindi á framhaldsskólastigi

Háskólapróf

Framhalds háskólapróf (meistara- eða doktorspróf)

Annað hvað?

15. Er fleira sem þú vilt koma á framfæri?